

**Sp.**

**551. Svar**

[266. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Svavari Gestssyni um hækkun á landbúnaðarvörum 1. des. s.l.

**1. Hækkun á kindakjöti og mjólkurvörum til neytenda 1. des. s.l.**

Í fylgiskjali I og fylgiskjali II er leitast við að svara því hvað kindakjöt og mjólkurvörur hækkðu mikið til neytenda 1. des. s.l., en það skal tekið fram að hér er eingöngu gerð grein fyrir skráðu verði þessara vörutegunda og ekki er gerð nein tilraun til þess að meta hækkunir er kunna að hafa orðið á þeim vöruflokkum er búa við frjálsa álagningu á smásölustigi.

Rétt er að vekja athygli á því að tímabil milli verðhækkana á þessum vörum er mismunandi.

**2.a. Hækkun til bænda.**

Til þess að svara því hver hefur orðið hækkun á sauðfjárafurðum annars vegar og mjólkurvörum hins vegar hafa fylgiskjöl III og IV verið unnin, en þar má sjá hækkunir er orðið hafa á verðlagsgrundvelli landbúnaðarins, og aftur er bent á að tímabil milli verðhækkana er mismunandi eftir því hvort um sauðfjár- eða mjólkurafurðir er að ræða.

**2.b. Hækkun til milliliða.**

Samkvæmt upplýsingum frá fimmmannefnd hefur vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur hækkað um 34% frá 1. júní 1985 til 1. des. 1986. Til viðmiðunar nefnir hún að á sama tímabili hækkðu kauptaxtar um 42%, framfærsluvísitala um 32%, byggingarvísitala um 39% og lánskjaravísitala um 35%. Frá 1. sept. 1986 til 1. des. 1986 hækkaði vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur úr 7,77 kr./ltr. í 7,98 kr./ltr. eða um 2,7%. Á sama tíma hækkaði slátur- og heilðslukostnaður kindakjöts úr 65,00 kr./kg í 66,15 kr./kg eða um 1,77%.

**3. Áhrif fjárfestingarkostnaðar Mjólkursamsölunnar.**

Áætlað er að halli á rekstri mjólkursamlaganna hafi á síðasta ári numið 150–200 milljónum króna. Þennan halla má samkvæmt áleti fimmmannefndar að hluta til skýra með þeirri breytingu á uppgjöri við bændur er varð við gildistöku laga nr. 46/1985, um

framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Auk þess er hluti skýringarinnar fólgin í minni verðábyrgð á mjólk vegna framleiðslutakmarkana og þar af leiðandi meiri birgðasöfnunar. Þrátt fyrir þetta telur nefndin að aukinn fjármagnskostnaður Mjólkursamsölunnar vegna fjárfestinga eigi einnig sinn þátt í hallarekstrinum. Þennan aukna kostnað hefur fimmmannanefnd ekki séð ástæðu til að taka inn í ákvörðun vinnslu- og dreifingarkostnaðar mjólkur, a.m.k. ekki enn sem komið er því að ársuppgjör Mjólkursamsölunnar mun ekki liggja fyrir fyrir en í lok febrúar n.k. Þegar það liggur fyrir mun nefndin meta hvernig með þennan fjármagnskostnað eigi að fara, en nýtt hámarksverð á mjólk og mjólkurvörum verður ákveðið þann 1. mars n.k.

Auk ákvörðunar um vinnslu- og dreifingarkostnað mjólkur gerir fimmmannanefnd tillögu til landbúnaðarráðherra um upphæð verðmiðlunargjalds sem er inni í verðlagi mjólkur. Meiri hluti nefndarinnar lagði til þann 1. des. s.l. að gjald þetta yrði 1,11 kr./ltr. og byggðist sú tillaga á sama grundvelli og ákvörðun vinnslu- og dreifingarkostnaðar, þ.e. frestun á því m.a. að ákveða hvernig fara eigi með fjármagnskostnað Mjólkursamsölunnar. Minni hluti nefndarinnar, fulltrúar afurðastöðvanna, lagði hins vegar til að gjald þetta yrði 2 kr./ltr.

Endanleg ákvörðun ráðuneytisins var hins vegar að hækka verðmiðlunargjaldið í 1,68 kr./ltr. og byggðist sú ákvörðun á því að þannig mætti létta mjólkursamlögunum nokkuð að laga rekstur sinn að þeirri ákveðnu framleiðslustjórn er upp var tekin við gildistöku búvörulaganna.

#### Fylgiskjal I.

#### Breytingar á skráðu smásöluverði kindakjöts frá 13. okt. til 2. des. 1986.

(Upphæðir í kr. á kg.)

Verðflokkar	13/10	2/12	Verð- breyting	%
<i>Úrvalsflokkur DI.</i>				
a. Heilir skrokkar, ósundurteknir .....	243.10	244.20	1.10	0.45
b. Heilir skrokkar, skipt að ósk .....	245.90	247.10	1.20	0.49
<i>1. verðflokkur DI.</i>				
a. Heilir skrokkar, ósundurteknir .....	235.20	236.40	1.20	0.51
b. Heilir skrokkar, skipt að ósk .....	238.00	239.30	1.30	0.55
<i>2. verðflokkur DII, DIIO, VI.</i>				
a. Heilir skrokkar, ósundurteknir .....	215.60	216.80	1.20	0.56
<i>3. verðflokkur DIII, VII, ÆIZ.</i>				
a. Heilir skrokkar, ósundurteknir .....	201.60	202.70	1.10	0.55
<i>Slátur og innmatur.</i>				
Lifur .....	162.40	162.40	0.00	0.00
Hjörtu og nýru .....	160.30	160.30	0.00	0.00
Mör, ópakkaður .....	31.10	31.10	0.00	0.00
Hausar, sviðnir .....	109.40	109.40	0.00	0.00
Heilt slátur, haus og 1 kg mör .....	183.20	183.20	0.00	0.00

## Fylgiskjal II.

### Breytingar á skráðu smásöluverði mjólkurafurða frá 1. sept. til 1. des. 1986. (Upphæðir í kr. á kg.)

Verðflokkar	1/9	1/12	Verð- breyting	%
Mjólk í lausu máli .....	34.75	36.20	1.45	4.17
Mjólk í 1 lítra plastpokum .....	36.90	38.40	1.50	4.07
Mjólk í háflslíttra plastpokum .....	18.80	19.50	0.70	3.72
Mjólk í 1 lítra pökkum .....	37.50	39.00	1.50	4.00
Mjólk í 2 lítra fernum .....	74.90	77.90	3.00	4.01
Mjólk í 1 lítra fernum .....	37.80	39.30	1.50	3.97
Mjólk í háflslíttra fernum .....	19.60	20.40	0.80	4.08
Mjólk í ¼ lítra fernum .....	10.40	10.80	0.40	3.85
Mjólk í 20 lítra kössum .....	751.00	780.80	29.80	3.97
Mjólk í 10 lítra kössum .....	376.00	390.40	14.40	3.83
Rjómi í lausu máli .....	231.80	240.30	8.50	3.67
Rjómi í 1. lítra plastpokum .....	234.00	242.50	8.50	3.63
Rjómi í háflslíttra plastpokum .....	117.30	121.60	4.30	3.67
Rjómi í 1 lítra fernum .....	234.90	243.40	8.50	3.62
Rjómi í háflslíttra fernum .....	118.20	122.40	4.20	3.55
Rjómi í ¼ lítra fernum .....	59.70	61.80	2.10	3.52
Undanrenna í lausu máli .....	22.30	23.30	1.00	4.48
Undanrenna í 1 lítra plastpokum .....	24.50	25.40	0.90	3.67
Undanrenna í 1 lítra fernum .....	25.40	26.30	0.90	3.54
Skýr, pakkað eða ópakkað .....	66.10	68.80	2.70	4.08
1. flokks mjólkurbússmjör .....	233.00	242.80	9.80	4.21
2. flokks mjólkurbússmjör .....	208.00	216.70	8.70	4.18
Heimasmjör .....	210.00	218.80	8.80	4.19
Ostur 45% .....	360.60	373.90	13.30	3.69
Ostur 45%, í heilum stykkjum .....	325.30	337.20	11.90	3.66
Ostur 45%, í hálfum stykkjum .....	326.90	339.90	13.00	3.98
Ostur 30% .....	300.90	312.00	11.10	3.69
Ostur 30% í heilum stykkjum .....	271.30	281.30	10.00	3.69
Ostur 30% í hálfum stykkjum .....	273.90	284.00	10.10	3.69
Mysuostur .....	138.10	143.20	5.10	3.69
Nýmjólkurduft .....	281.70	292.00	10.30	3.66
Undanrennuduft .....	105.90	109.80	3.90	3.68

### Fylgiskjal III.

**Breytingar á skráðu verði sauðfjárafurða frá 1. sept. til 1. des. 1986.**  
Verð til bænda samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarins.

<b>Verðflokkur</b>	<b>1/9</b>	<b>1/12</b>	<b>Verð- breyting</b>	<b>%</b>
<i>Kjöt (kr. á kg).</i>				
Úrvalsflokkur .....	192.87	197.20	4.33	2.25
1. verðflokkur .....	183.87	187.99	4.12	2.24
2. verðflokkur .....	163.20	166.86	3.66	2.24
3. verðflokkur .....	133.62	136.62	3.00	2.25
4. verðflokkur .....	99.99	102.23	2.24	2.24
5. verðflokkur .....	77.98	79.73	1.75	2.24
6. verðflokkur .....	59.48	60.81	1.33	2.24
<i>Slátur (kr. á stk.).</i>				
Slátur af dilkum .....	150.02	153.39	3.37	2.25
Slátur af fullorðnu fé .....	79.63	81.42	1.79	2.25
<i>Gærur (kr. á kg).</i>				
Dilkagærur, svartar, tvíflitar .....	48.00	49.08	1.08	2.25
Dilkagærur, aðrar .....	73.85	75.51	1.66	2.25
Gærur af fullorðnu fé .....	44.31	45.30	0.99	2.23
<i>Ull (kr. á kg).</i>				
Úrval .....	172.42	176.29	3.87	2.24
1. flokkur .....	139.42	142.55	3.13	2.25
2. flokkur .....	74.86	76.54	1.68	2.24
3. flokkur .....	29.99	30.66	0.67	2.25
Svört .....	139.42	142.55	3.13	2.25
Grá .....	139.42	142.55	3.13	2.25
Mórauð .....	172.42	176.29	3.87	2.24

**Fylgiskjal IV.**

**Breytingar á skráðu verði nautgripaafurða frá 1. júní til 2. des. 1986.**  
Verð til bænda samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarins.

<b>Verðflokkur</b>	<b>1/6</b>	<b>2/12</b>	<b>Verð- breyting</b>	<b>%</b>
<i>Kjöt (kr. á kg).</i>				
1. verðflokkur .....	204.74	211.35	6.61	3.23
2. verðflokkur .....	181.78	187.65	5.87	3.23
3. verðflokkur .....	160.33	165.50	5.17	3.22
4. verðflokkur .....	137.43	141.86	4.43	3.22
5. verðflokkur .....	127.56	131.68	4.12	3.23
6. verðflokkur .....	104.11	107.47	3.36	3.23
7. verðflokkur .....	88.80	91.67	2.87	3.23
8. verðflokkur .....	74.20	76.59	2.39	3.22
<i>Mjólk (kr. á lítra).</i>				
Mjólk .....	25.24	26.05	0.81	3.23

*Athugasemd:* Ekki náðist samkomulag um verðlagsgrundvöllinn 1. sept. og voru þá aðeins gefin út bráðabirgðaverð.